

29. desember 1976.

829

Nr. 435.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 290 8. júlí 1976 um möskvastærðir
botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar er heimilt til 31. janúar 1977 að nota botnvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Enn fremur er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. að nota flotvörpunet til 15. maí 1977, með lágmarksmöskvastærðinni 120 mm þó þannig að eftir 31. janúar 1977 taka ákvæði 1. mgr. 1. gr. einnig til flotvörpuneta.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

30. desember 1976.

Nr. 436.

AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í heildsölu.

Ráðuneytið hefur veitt Rafmagnsveitum ríkisins Reykjavík, Andakílsárvirkjun Akranesi og Laxárvirkjun Akureyri, heimild til 18% — átján af hundraði — hækkunar heildsöluverðs raforku á gildandi gjaldskrá þeirra frá og með 1. janúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Kristmundur Halldórsson.

B 104